



67. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 4. desember, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2004.
2. Frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.
3. Erindi frá Jónasi Skaftasyni.
4. Erindi frá formanni björgunarsveitarinnar Blöndu.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2004.

Mættur er Guðmundur Haraldsson, forstöðumaður íþróttahúss til að ræða viðhald og tækjakost vegna fjárhagsáætlunar ársins 2004. Guðmundur vék af fundi kl. 18:10.

Farið yfir tillögur hafnar- og veitunefndar í tengslum við fjárhagsáætlun 2004. Bæjarstjóra falið að breyta drögum að áætlun er varðar veitustofnanir um kr. 600 þúsund til hækkunar.

2. Frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Lagt fram til kynningar.

3. Erindi frá Jónasi Skaftasyni.

Í erindi sínu er Jónas að kynna starfsemi sína um rekstur hóferðabíla. Erindið er lagt fram til kynningar.

4. Erindi frá formanni björgunarfélagsins Blöndu.

Þess er óskað að brenna og flugeldasýning verði haldin á þrettándanum en ekki á gamlársgöld eins og gert hefur verið síðustu ár. Bæjarráð samþykkir þessa tilfærslu brennunar og mun halda áfram styrkveitingu eins og sl. ár.

5. Önnur mál.

a. Rætt um atvinnumál.

Ákveðið að halda næsta fund bæjarráðs nk. miðvikudag kl. 17:30.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50.

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)